



*Allshejar- og menntamálanefnd Alþingis sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is*

*Umsögn um 53. mál á 154. löggjafarþingi, Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum.*

Hólmavík, 13.11.2023


Stofnun og rekstur Miðstöðvar íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum er bæði jákvætt og rökrétt skrefi fyrir Strandir og Ísland allt.

Miðstöðin byggir á því eftirtektarverða starfi sem unnið er á Ströndum í dag og hagnýtir söguarf þjóðtrúarinnar menningar- og atvinnulífi til góða. Þekkingin er þegar til staðar í samfélaginu og miklir möguleikar á samvinnu og klasamyndun. Ávinningur Stranda er því augljós.

Þjóðtrúin er stór þáttur í menningartengdri ferðapjónustu á Íslandi, og áhugi einstaklinga og fjölmiðla gífurlegur. Embætti eins og „umboðsmaður íslenska álfisins“ myndi vera mikils virði í fjölmiðlaumfjöllun og afleiddum verkefnum sem byggja á þessum arfi. Ávinningur íslenska ríkisins er því einnig augljós.

Ég hvet nefndarmenn til að veita þessu málefni liðsinni sitt og hraða meðferð málsins eins og auðið er.

Virðingarfyllt



Sigurður Lincal Þórisson

Verkefnisstjóri Sterkra Stranda